



## Efni: Staða mála hjá umboðsmanni skuldara 1. október 2019



### Fjöldi umsókna í janúar - september



## Embætti umboðsmanns skuldara


Hjá embætti umboðsmanns skuldara störfuðu 16 starfsmenn í 15 stöðugildum í september, að auki var einn starfsmaður í námsleyfi.

## Umsókn um aðstoð vegna fjárhagsvanda

Þann 15. september 2019 var tekið upp nýtt fyrirkomulag varðandi umsóknir til embættisins. Í stað þess að umsækjandi velji í umsókn sinni milli úrræða hjá embættinu, ráðgjöf, greiðsluaðlögun eða fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar er núna sótt um aðstoð vegna fjárhagsvanda. Starfsmenn embættisins greina svo og meta í samráði við umsækjanda hvaða úrræði henti best til úrlausnar á vanda viðkomandi. Með þessu leitast embættið við að bæta þjónustu við umsækjendur og að þjónustan verði markvissari og biðtími eftir úrlausn minnki.

Í september bárust 33 umsóknir um aðstoð vegna fjárhagsvanda til embættisins.

Tölfræði umsókna um aðstoð vegna fjárhagsvanda í september.




## Greiðsluaðlögun einstaklinga

Umboðsmanni skuldara hafa nú borist 7.893 umsóknir um greiðsluaðlögun einstaklinga frá stofnun embættisins. Á bak við hverja umsókn getur verið annars vegar einstaklingur og hins vegar sambýlisfólk/hjón og eru því fleiri einstaklingar sem sótt hafa um greiðsluaðlögun einstaklinga en fjöldi umsókna segir til um. Í september barst 21 umsókn um greiðsluaðlögun.

## Umsóknir

Alls voru 157 umsóknir um greiðsluaðlögun í vinnslu innan embættisins þann 1. október, þar sem verið var að taka afstöðu til þess hvort samþykkja eigi umsókn eða ekki. Í september voru fjórar umsóknir samþykktar og 24 var synjað.



## Umsjónarmenn


Þann 1. október 2019 voru 26 mál hjá umsjónarmönnum. Ekkert mál var í vinnslu hjá umboðsmanni skuldara vegna ábendinga um að eitthvað hafi komið í ljós sem hindrað geti greiðsluaðlögun. 26 mál eru því í virkri vinnslu hjá fimm umsjónarmönnum.

Af þeim málum sem er lokið hjá umsjónarmönnum á árinu hefur náðst samningur í 57 málum. Þremur málum hefur lokið með nauðasamningi og engum nauðasamningi hefur verið synjað á árinu en alls hafa 70 nauðasamningar verið staðfestir og 22 verið synjað staðfestingu.

## Samningar

Þann 1. október höfðu 3.375 samningar komist á. Í 3.275 samningum er tímabili greiðsluaðlögunar lokið en 100 samningar eru nú virkir með tímabil greiðsluaðlögunar. Af þeim mun tímabili 15 samnings ljúka á árinu 2019, 59 á árinu 2020 en tímabili 26 samninga mun ljúka síðar. Í september komust á fimm samningar.

Í þeim 57 samningum sem hafa tekið gildi árið 2019 er meðaleftirgjöf samningskrafna 70% og eru þeir að meðaltali til 15,2 mánaða. 14 samningar á þessu ári hafa ekkert tímabil greiðsluaðlögunar og samið var um 100% eftirgjöf við gildistöku samnings. Meðaleftirgjöf samningskrafna í öllum samningum er 84%. Þá hefur 29,3% allra samninga ekkert tímabil greiðsluaðlögunar og samið var um 100% eftirgjöf samningskrafna við gildistöku samnings. Að meðaltali eru allir samningar um greiðsluaðlögun til 14,6 mánaða.




## Kæror

721 kæra hefur borist kærunefnd/úrskurðarnefnd greiðsluaðlögunarmála vegna synjunar eða afturköllunar á heimild til greiðsluaðlögunarumleitana, engin tilkynning um kæru barst í ágúst. Vinnslu er lokið í 720 málum. Í 38 tilvikum var mál tekið upp að nýju hjá umboðsmanni skuldara. Í 89 tilvikum var fallið frá kæru eða kærunefnd vísaði kæru frá. Í 504 máli hefur kærunefnd staðfest ákvörðun UMS og í 89 málum hefur ákvörðun verið felld úr gildi. Ein kæra er í vinnslu.

## Ráðgjöf

Frá árinu 2010 hefur umboðsmanni skuldara borist 8009 umsóknir um ráðgjöf, þar sem leitað er vægari úrræða en greiðsluáðlögunar. Eftir að gert er greiðsluferfiðleikamat fyrir umsækjanda er leiða leitað fyrir umsækjanda að draga tímabundið úr mánaðarlegri greiðslubyrði til að ná framtíðar jafnvægi á milli tekna og skulda. Ef vægari úrræði duga ekki er mælt með öðrum úrræðum.

Nú eru 78 ráðgjafarmál til vinnslu hjá embættinu. 21 umsókn barst í september. Vinnslu 38 ráðgjafarmála var lokið í mánuðinum.



## Erindi

Eitt hlutverk umboðsmanns skuldara er að gæta hagsmuna skuldara þegar við á og taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds.


Frá 1. ágúst 2010 hefur umboðsmanni skuldara borist 3.892 erindi, þar af voru tvö erindi stofnuð í september.

## Fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar

1642 umsóknir hafa borist um fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar. Í september bárust 8 umsóknir.

Í september voru 7 ákvarðanir teknar um fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar, þar sem þrjár umsóknir voru samþykktar, tveimur var synjað og tvær umsóknir felldar niður.

Alls hafa 518 umsóknir verið samþykktar og 599 synjað. Fimm beiðnir um greiðslu til dómstóla bárust í september vegna skiptakostnaðar. Ekki hefur verið óskað eftir greiðslu vegna 67 samþykktra umsókna.



15 synjanir hafa verið kærðar til Velferðarráðuneytis. Í fjórum málum hefur UMS tekið mál aftur til vinnslu áður en niðurstaða kæru lá fyrir og í tveimur málum var fallið frá kæru. Í sjö málum hefur ákvörðun verið staðfest og í tveimur málum hefur ákvörðun UMS verið felld úr gildi. Engin kæra er í vinnslu.

## Fræðsla og kynning

Í september kom út nýr bæklingur um gjaldþrotaskipti einstaklinga en vöntun hefur verið á útgefnu efni með hagnýtum upplýsingum fyrir einstaklinga sem standa frammi fyrir því ferli. Fræðslufundur hófust að nýju í september og tók embættið á móti félagsráðgjöfum frá fangelsismálastofnun í fræðslu um starfsemi og úrræði embættisins. Fyrirhugað er að starfsmenn heimsæki fangelsin að Litla hrauni, Hólmsheiði og Sogni í nóvember.